

Útkomið í A-deild Stjórnartíðindanna.

Auglýsing um að ný lyfjaskrá og sjerstök lyfsöluskrá skuli í lög leidd á Íslandi o. fl., undirskrifuð af ráðgjafanum fyrir Ísland 15. janúar 1897, ásamt skrá yfir lyfefni og fl. í »Pharmacopoea Danica 1893«, er lyfsalar á Íslandi utan Reykjavíkur eru fyrst um sinn eigi skyldir að hafa í lyfjabúðum sínum o. s. frv. (A. nr. 1, bls. 2—7).

Brjef landshöfðingja til stiptysfirvaldanna um lántökuleysi til hússbyggingar á prestssetri. — Samkvæmt tillögum stiptysfirvaldanna í þóknanlegu brjefi, dagsettu 30. f. m., vil jeg hjermeð veita samþykki mitt til þess, að presturinn á Breiðabólstað á Skógarströnd, Jósep Kr. Hjörleifsson, taki allt að 2000 króna embættislán, sem eigi getur fengizt úr landsjóði, til að gjöra á staðnum íbúðarhús úr timbri, $13\frac{1}{2} \times 9\frac{1}{2}$ al., með $1\frac{1}{2}$ áln. porti, járnvarið allt umhverfis bæði á hliðum og göflum, með járnþaki, traust og vel vandað, með steinlímdum kjallara undir öllu húsinu, og að öðru leyti með því fyrirkomulagi, sem fram er tekið í áðurnefndu brjefi stiptysfirvaldanna. Húsinu fylgi járneldavjel og 2 ofnar. Ennfremur er þetta lántökuleysi þeim skilyrðum bundið, að síðari helmingur lánsins verði eigi útborgaður fyrri en sannað er með reglulegri skoðunargjörð þartil útnefndra manna, að húsið sje fullgjört og í áskildu standi, að lánid verði endurborgað af tekjum prestakallsins á 28 árum samfleytt með $\frac{1}{28}$ hluta lánsins á ári, auk vaxta, að sannað verði á fulltryggjandi hátt, að húsið sje traust og vel vandað, að húsið með eldavjel og ofnum verði eign prestakallsins, enda mega þá niðurfalla eptirnefnd hús, er áður fylgdu prestakallinu: baðstofa, göng með útidyrum, svonefnt miðhús, búr, eldhús og 2 skemmur, að presturinn haldi húsinu vátryggðu fyrir 2600 kr. að minnsta kosti, og að presturinn eða dánarbú hans skili húsinu við burtför eða fráfall hans í góðu og gildu standi, eða með fullu álagi.

Þetta er stiptysfirvöldunum hjermeð þjónustusamlega til vitundar gefið til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar.

Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um synjun konungsstaðfestingar á lagafrumvarpi um borgaralegt hjónaband. — Með þóknanlegu brjefi, dagsettu 14. nóvbr. 1895, hafið þjer, herra landshöfðingi, sent hingað lagafrumvarp, er borið hafði verið upp af þingmanna hálfu, og samþykkt á alþingi s. á., um heimild þeirra manna, sem eru í þjóðkirkjunni, til að ganga í borgaralegt hjónaband, og hafið þjer jafnframt skotið því til úrlausnar ráðaneytisins, hvort þetta lagafrumvarp yrði talið til þess fallið að hljóta allrahæsta staðfesting. Enn hafið þjer með þóknanlegu brjefi, dagsettu 22. júní f. á., sent hingað umsögn biskupsins yfir Íslandi um þetta lagafrumvarp, — en umsögn þessa höfðuð þjer útvegað að tilhlutun ráðaneytisins, — og hafið þjer lýst því, að þjer hafið eigi fundið ástæðu til að gjöra neinar athugasemdir við hana, með því að hún komi í öllu verulegu heim við það, er þjer höfðuð látið í ljós í fyrnefnda brjefi yðar.

12 Eptir öllum málavöxtum verður ráðaneytið fyrir Ísland að vera þeir-
 15. jan. ar skoðunar, að, svo sem hreyfing sú, er komið hefir af stað hinu umrædda laga-
 frumvarpi, eigi á við neina almenna þörf eða alvarlega ósk þjóðkirkjumanna yf-
 irleitt að styðjast, þannig er óbeit sú eða ýmigustur, sem einstakir þjóðkirkju-
 menn eiga að hafa á því að nota aðstoð kirkjunnar við hjónavígslu, og talið er að
 hafi gefið tilefni til umgetins lagafrumvarps, eigi svo vaxin, að þessvegna þurfi
 að gjöra svo algerða breyting á hinni eldgömlu hjónavígsluathöfn, sem af sögu-
 legum ástæðum hefir fest svo djúpar rætur í trúarlífi þjóðarinnar, eins og hjer
 er farið fram á, og það því síður, sem það má óhætt fullyrða það, að hin umrædda
 óbeit á hinni kirkjulegu hjónavígsluathöfn og þar af leiðandi krafa um heimild
 til að ganga í borgaralegt hjónaband á einmitt heima hjá og kemur frá þeim mönn-
 um, er að eins að ytra áliti eru meðlimir þjóðkirkjunnar, svo að það væri eigi mik-
 ið tjón hvorki fyrir þá sjálfa nje fyrir kirkjuna, þótt þeir segðu sig úr henni
 Ráðaneytið verður og að vera á skoðun biskupsins um það, að hætt sje við að
 óvildarmenn kirkjunnar mundu fagna hinni umgetnu breytingu sem óvinveittri á-
 rás á sjálfa kirkjuna, en aptur á móti mundi ýmsum sönnum þjóðkirkjumönnum
 gremjast þessi breyting, svo sem væri hún vottur um festuleysi hjá löggjaf-
 arvaldinu, ef hún næði fram að ganga. Loks bætast hjer við erfiðleikar þeir við
 hið umrædda fyrirkomulag, sem sökum landshátta á Íslandi mundu orsakast af
 vegalengdum og örðugum samgöngum í lögsagnarumdæmunum, og mundu gjöra
 brúðkaupsstefnu hjá hinu borgaralegu yfirvaldi svo miklu örðugri en hina kirkju-
 legu vígslu, að það er fyrirsjáanlegt, að sárfáir þjóðkirkjumenn mundu ganga í
 borgaralegt hjónaband.

Ráðaneytið hefir því allra þegnsamlegast lagt það til, að frumvarpi þessu
 yrði synjað allrahæstrar staðfestingar, og hefir hans hátign konunginum allra-
 miildilegast 27. nóvbr. f. á. þóknast að fallast á þá tillögu.

Þetta er yður hjer með þjónustusamlega til vitundar gefið til þóknanlegr-
 ar leiðbeiningar og til birtingar í Bdeild Stjórnartíðindanna ásamt áður nefndu
 brjefi yðar frá 14. nóvbr. 1895.

Brjef landshöfðingja.

Alþingi, sem saman kom í ár, hefir samþykkt eptir löglegan undirbúning lagafrum-
 varp, er borið hafði verið upp af þingmanna hálfu, um heimild þeirra manna, sem eru í þjóð-
 kirkjunni, til að ganga í borgaralegt hjónaband. Leyfi jeg mjer virðingarfyllst að senda hjer-
 með lagafrumvarp þetta bæði eins og það kom frá alþingi og í danskri þýðingu.

Þegar á alþingi 1885, við umræðurnar um stjórnarfrumvarp um stofnun borgaralegs
 hjónabands o. s. frv., kom fram tillaga um það, að ekki einungis utanþjóðkirkjumönnum,
 heldur og þjóðkirkjumönnum skyldi heimilað að ganga í rjettmætt hjónaband fyrir hinu borg-
 aralega yfirvaldi, án kirkjulegrar vígslu, en tillaga þessi, er samþykkt var með eins atkvæð-
 is mun í efri deild þingsins, var felld í neðri deild. Síðan var á alþingi 1893 borið upp
 frumvarp til laga um rjett þeirra manna, er hafa þjóðkirkjutrú, til að ganga í borgaralegt
 hjónaband. Það lagafrumvarp var samþykkt í neðri deild, en felld í efri deild. Hið sama
 lagafrumvarp var af nýju borið upp á aukapönginu 1894, en kafnaði í nefnd í efri deild.
 Loks var lagafrumvarp það, sem hjer er um að ræða, oger samhljóða lagafrumvörpum þeim, sem

borin voru upp á alþingi 1893 og 1894, samþykkt í neðri deild með 18 atkvæðum og í efri deild með 6 atkvæðum gegn 5.

Til stuðnings hinu umrædda frumvarpi hefir einkum því verið haldið fram, að, með því að hjónabandið sje borgaraleg stofnun, þá sje eðlilegast, að það sje stofnað með borgaralegri athöfn, án aðstoðar kirkjunnar, því fremur sem mörgum getist niður að »ritus« kirkjunnar við hjónavígslu, og að þjóðkirkjumenn hafi eigi jafnrjetti við utanþjóðkirkjumenn, er samkvæmt lögum nr. 4 frá 19. febrúar 1886, 1. og 7. gr., geta kosið um borgaralegt hjónaband og kirkjulega hjónavígslu. Enn hefir það verið tekið fram, að með því að heimila þjóðkirkjumönnum að ganga í borgaralegt hjónaband væri stigið þýðingarmikið spor í þá átt, að skilja að ríki og kirkju, en þann aðskilnað telja ýmsir alþingismenn æskilegan.

Í sjálfu sjer virðist ekkert geta verið því til fyrirstöðu, að hjúskapur karls og konu, sem bæði eru í þjóðkirkjunni, teljist lögmætur, þegar hið borgaralega yfirvald hefir gefið hjónin saman, án þess kirkjulegrar vígslu þurfi með. En hitt virðist mjer efasamt, hvort það mundi vera heppilegt að gefa þjóðkirkjumönnum kost á því, að velja á milli tveggja athafna við stofnun hjónabands, kirkjulegrar og borgaralegrar, því að slíkt fyrirkomulag mundi að líkindum verða til þess, að almenningur skoðaði hið borgaralega hjónaband svo sem óæðra og lausara en hið kirkjulega. Yrði það þannig að teljast mest í samræmi við eðli hjónabandsins, að það væri stofnað með borgaralegri athöfn, þá ætti aðeins borgaralegt hjónaband að vera lögmætt, og hin kirkjulega vígsla að afnemast sem sú athöfn, er ríkið viðurkennir lögmæta til stofnunar hjónabands. Svo langt vilja menn samt eigi fara, því að það er viðurkennt af öllum, að almenningur mundi því mótfallinn, að borgaralegt hjónaband yrði hið eina löglega form fyrir stofnun hjúskapar, og að borgaraleg hjónabönd mundu verða til-
tölulega mjög fá. Þótt kjósa mætti um borgaralegt hjónaband og kirkjulega hjónavígslu. Að því leyti loks, sem einstakir þjóðkirkjumenn, vera má eigi að ástæðulausu, kynnu að fráfælast »ritus« kirkjunnar við hjónavígslu, þá sýnist liggja beinast við, að laga þann brest á þann hátt, að breyta »ritus« kirkjunnar svo að við megi una, enda hefir prestastefnan í Reykjavík í mörg ár starfað að endurskoðun á handbók presta, og við þá endurskoðun má telja vist að allt það verði fellt í burtu, sem nú vekur hneyxli við hina kirkjulegu hjónavígslu.

Með þessum athugasemdum skal jeg leyfa mjer lotningarfyllst að skjóta máli þessu til úrskurðar hins háa ráðaneytis.

Brjef ráðaneytisins fyrir Ísland til landshöfðingja um synjun konungsstaðfestingar á lagafrumvarpi um lagaskóla. — Með þóknanlegu brjefi, dagsettu 20. nóvbr. 1895, hafid þjer, herra landshöfðingi, sent hingað lagafrumvarp um stofnun lagaskóla, sem borið hafði verið upp af þingmanna hálfu og samþykkt á alþingi 1895, og hafid þjer með skirskotun til þess, að ráðaneytið fyrir Ísland mörgum sinnum, síðast í brjefi, dagsettu 10. nóvbr. 1894, hefir látið það í ljós, að ráðaneytið eigi geti álitid það ráðlegt, að koma á fót lagaskóla á Íslandi, tekið það fram, að með því að rök þau, er fyrir þessu hafi verið færð, sjeu óhrakin, þá hljóti þau að gjöra það að yerkum, að hið umrædda frumvarp sæti forlögum fyrirrennara sinna.

Með því að ástæður þær, sem færðar eru í ádurnefndu brjefi ráðaneytisins frá 10. nóvbr. 1894 (sbr. Stjórnartíðindi 1894 B. bls. 197) gegn staðfesting á lagafrumvarpi alþingis 1893 um stofnun háskóla í Reykjavík, í raun rjettri eiga eins við frumvarp það, sem hjer er um að ræða, því að innihald þess er hið